

Starfsábyrgðartrygging einkaleyfa-, vörumerkja- og hönnunarverndarstofa

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknaðar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Gildissvið vátryggingarinnar	3
2. gr.	Hvar vátryggingin gildir	3
3. gr.	Tímatakörk	3
4. gr.	Vátryggingarfjárhæð	3
5. gr.	Eigin áhætta	3
6. gr.	Gildistími – endurnýjun – réttur til uppsagnar	4
7. gr.	Greiðsla iðgjalds	5
8. gr.	Undanskildar áhættur	5
9. gr.	Aukin áhætta	5
10. gr.	Brot á varúðarreglum	5
11. gr.	Ráðstafanir vegna tjóns - Greiðsla bóta	5
12. gr.	Tvítrygging	6
13. gr.	Brot á upplýsingaskyldu – svik og rangar upplýsingar	6
14. gr.	Tímafrestir - Fyrning	6
15. gr.	Endurkröfuréttur	6
16. gr.	Ágreiningur	6
17. gr.	Varnarþing	6

1. gr. Gildissvið váttryggingarinnar

- 1.1 Váttryggt er gegn bótaskyldu, er fellur á váttryggingartaka sem einkaleyfa-, vörumerkja- og hönnunarverndarstofu þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til starfa váttryggingartaka sjálfs eða starfsmanns hans.
- 1.2 Ákvæði í váttryggingarskilmálum þessum sem kveða á um athafnir eða athafnaleysi váttryggingartaka, eiga því einnig við um samsvarandi háttsemi starfsmanns hans, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

2. gr. Hvar váttryggingin gildir

- 2.1 Váttryggingin gildir ekki vegna starfa váttryggingartaka og starfsmanna hans utan Íslands og tekur eingöngu til tjóns sem verður á Íslandi.

3. gr. Tímatakmörk

- 3.1 Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur váttryggingartaka er til stofnast á váttryggingartímanum. Ekki skiptir máli, hvenær hin skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað.
- 3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af tilvikum hefur borið að höndum:
 - a. að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggingartaka;
 - b. að váttryggingartaka verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggingartaka eða starfsmanns hans, eða bein hættu er á að slíkt tjón verði.
- 3.3 Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem stofnast hefur gegn váttryggingartaka á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða frá lokum váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða frá lokum váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggingartaki hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2.a og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan tveggja ára frá lokum váttryggingarinnar.
- 3.4 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2, sem rakin er til tjóns, er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman, bætur félagið ekki, hafi tjón orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.

4. gr. Váttryggingarfjárhæð

- 4.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar (tjónsatviks) og heildargreiðsla félagsins vegna allra bótakrafna innan hvers 12 mánaða váttryggingartímabils takmarkast við váttryggingarfjárhæðina sem kemur fram í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.2 Félagið greiðir innan marka váttryggingarfjárhæðarinnar kostnað, sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð. Sama gildir um vexti sem váttryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til. Vexti skal greiða þótt greiðsla félagsins í heild verði með því hærrí en váttryggingarfjárhæðin. Um vexti af bótakröfum fer samkvæmt því sem segir í 50. gr. laga nr. 30/2004. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 4.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur, er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

5. gr. Eigin áhætta

- 5.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki réttarstöðu þriðja manns.
- 5.2 Félagið greiðir ekki tjón sem hlýst af kostnaði váttryggingartaka vegna tæknivinnu eða annarra sérfræðiaðstoðar sem hann sjálfur lætur í té. Sama á við um kostnað sem váttryggður greiðir eigin lögmanni.

6. gr. Gildistími – endurnýjun – réttur til uppsagnar

- 6.1 Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 6.2 Váttrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.
- 6.3. Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.
- 6.4. Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.
- 6.5. Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinn atvika eiga við:
1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
 2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
 3. ef váttryggingartaki veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingar- samningum sínum við váttryggingartaka;
 4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggingartaki hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggingartaki hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
 5. ef starfsemi váttryggingartaka breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
 6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.
 7. ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

7. gr. Greiðsla iðgjalds

- 7.1 Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga, þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.
- 7.2 Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.
- 7.3 Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

8. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin tekur ekki til skaðabótaábyrgðar vátryggingartaka, sem rakin verður til :

- 8.1 ásetnings vátryggingartaka eða starfsmanna hans;
- 8.2 ábyrgðar sem vátryggingartaki tekur á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem einkaleyfa-, vörumerkja- og hönnunarverndarstofu;
- 8.3 sekta, sem falla á vátryggingartaka eða þriðja mann.
- 8.4 slyss á manni, annars líkamstjóns eða skemmda á munum.

9. gr. Aukin áhætta

- 9.1 Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í vátryggingartbeiðni eða á annan hátt, skal vátryggingartaki tilkynna félaginu um þær. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

10. gr. Brot á varúðarreglum

- 10.1 Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir því að veita vátrygginguna að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi vátryggingartaki vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Ráðstafanir vegna tjóns - Greiðsla bóta

- 11.1 Jafnskjótt og vátryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum, ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- 11.2 Félagið er ekki bundið af því er vátryggingartaki viðurkennir skaðabótakröfu, nema leitt sé í ljós að vátryggingartaki gerði aðeins það, sem honum var skylt að lögum, er hann viðurkenndi réttmæti kröfunnar.
- 11.3 Félagið má greiða skaðabætur beint til þriðja manns (tjónpola) nema hann hafi þegar fengið tjón sitt bætt hjá vátryggingartaka.
- 11.4 Félagið áskilur sér rétt á að gæta hagsmuna vátryggðs, m.a. með því að annast samninga við tjónpola og eftir atvikum fara með málið fyrir vátryggingartaka.
- 11.5 Vátryggðum er skylt að aðstoða félagið án endurgjalds við að bæta úr tjóni er rakið verður til orsaka sem hann ber skaðabótaábyrgð á.
- 11.6 Komi til dómsmáls sem varðar vátryggingu þessa og félaginu er einu stefnt, getur félagið krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn vátryggingartaka.

12. gr. Tvítrygging

- 12.1 Ef hagsmunir þeir sem vátrygging þessi tekur til eru einnig vátryggðir með annarri vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 12.2 Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

13. gr. Brot á upplýsingaskyldu – svik og rangar upplýsingar

- 13.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

- 13.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggingartaki veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggingataka með einnar viku fyrirvara, sbr. 6.3. gr. skilmála þessara.

14. gr. Tímafrestir - Fyrning

- 14.1 Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

- hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
- hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. VSL.

- 14.2 Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt sömu reglum og gilda um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 52. gr. laga nr. 30/2004.

- 14.3 Aðrar kröfur sem tengjast vátryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fyrnast eftir hinum almennu reglum laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinga nr. 14/1905.

15. gr. Endurkröfuréttur

- 15.1 Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber ábyrgð á, öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur. Vátryggingartaki skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

16. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atríði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

17. gr. Varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa kunna vegna vátryggingarinnar skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015 og koma í stað þeirra sem giltu frá 1. janúar 2010.

[Efst á skjal](#)